



Sigrún Júlíusdóttir,
klínískur félagsráðgjafi og fyrrv. prófessor

Ástarkraftur

Ritstjórar: Berglind Rós Magnúsdóttir
og Silja Bára Ómarsdóttir.

Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2025. 417 bls.
ISBN 978-9935-23-357-8.



Fræðibókin *Ástarkraftur- undirstöður ástarfræða* er nýstárlegt og öflugt framlag til fræðasviðs sem til þessa hefur verið sinnt of lítið með bókaútgáfu hérlendis. Áður hafa rannsóknir femínistans dr. Önnu Guðrúnar Jónasdóttur, fv. prófessors við Örebroháskóla, sem kynnti hugtakið *ástarkraftur* til sögunnar, átt þátt í þróun rannsóknasviðsins hér á landi. Þetta kemur skýrt fram í bókinni, bæði með framlagi hennar sjálfar og tengingu annarra höfunda við hennar brautryðjandastarf.

Doktorsritgerðir á þessu sviði hafa þó nýlega verið skrifaðar við HÍ. Má nefna verk Jónu Ingibjargar Jónsdóttur (2021) um konur, krabbamein og kynlíf, Sólveigar Önnu Bóasdóttur (2008) um ást, kynlíf og hjónaband, og rannsóknir Þorsteins Ö. Vilhjalmssonar (2024) þar sem fjallað er m.a. um innlimanir, útilokanir og hinseginleika. Þá hafa birst svör á Vísindavef

HÍ (<http://visindavefur.is/?id=30806>) um efnið. Einnig hefur verið dregið á það í ævisögum, einsögufræðum og öðrum fræðigreinum, m.a. á sviði hugvísinda og heimspeki. Hugtakið *ástarkraftur* vísar til frumkrafts erótíkur og kærleika sem undirstöðu mannlegrar tilvistar. Þannig er í bókinni að finna umfjöllun um ólík ástartengsl, allt frá því kynferðislega til *ástar til heimsins*. Er þar m.a. vísað til rita stjórn málaheimspekingsins Hönnuh Arendt (1906–1975) um ást sem undirstöðu ábyrgðar og valds gagnvart alræði, illsku og mannréttindum í veraldlegri pólitík. Þar hefur hugtakapar hennar vita contemplativa og vita activa, sem lýsir sinnuleysi vs. ábyrgð almennra borgara, reynst gagnlegt. Í því heimsástandi ófriðar og græðgi sem ríkir í samtíma okkar verður tengingin við hugarþel eins og ást, samkennd, kærleik og samstöðu æ brýnni. Það er andsvar gæsku gegn illsku.

Bókin skiptist í 15 kafla, hæfilega að lengd, sem eru einkar aðgengilegir aflestrar og hver öðrum áhuga-verðari. Rauður þráður er samtenging hins persónulega og pólitíska, sögu og samtíma og fræða og fags. Breidd umfjöllunarinnar eykur gildi bókarinnar þannig að hún mun nýtast vel bæði sem kennsluefni, efniviður og heimildagrunnur í rannsóknarverkefnum og til upplýsingar fyrir þekkingarþyrstan almenning.

Í stuttri kynningu sem þessari gefst ekki rými fyrir ítarlega umfjöllun eða rýni um einstaka eða valda kafla höfundu. Almennt vil ég taka fram að mér finnst fegurð ríkja í þessari bók og ég tel að margir kaflanna ættu að höfða sérstaklega vel til félagsráðgjafa sem vinna út frá femínísku sjónarhorni – og láta sig varða stjórn mála, umönnunarstefnu og mannréttindi.